

Morgunblaðið

Útg.: H.f. Árvakur, Reykjavík.

Framkv.stj.: Sigtús Jónsson.

Ritstjóri: Valtýr Stefánsson (ábyrgðarm.)

Lesbók: Árni Óla, sími 3045.

Auglýsingar: Árni Garðar Kristinsson.

Ritstjórn, auglýsingar og afgreiðsla:

Austurstræti 8. — Sími 1600.

Áskriftargjald kr. 16.00 á mánuði, innlands.
í lausasölu 75 auna eintakið. 1 króna með Lesbók.

Fjárlög næsta árs

ALÞINGI hefur samþykkt fjárlög fyrir árið 1952. Heildarniðurstaða þeirra er sú að útborganir á sjóðsyfirliti verða um 380 millj. kr., og greiðsluþöfnun hagstæður um 3 millj. kr. Þarf varla að taka fram að þetta eru langhæztu fjárlög Íslendinga. Eru útborganir á sjóðsyfirliti tæpum 80 millj. kr. hærri en á fjárlögum þessa árs.

Um orsakir þessara hækkana þarf ekki að fara í neinar grafgötur. Vaxandi dýrtíð og hækkun kaupgjalds er meginorsök þeirra. En með því að halda öllum sköttum og tollum hefur þó tekist að afgreiða fjárlög greiðslu hallalaus.

Of snemmt er að spá um, hvernig framkvæmd þessara geysi háu fjárlaga muni reynast. Margt bendir til þess að afkoma ríkissjóðs verði ekki eins góð á næsta ári og því, sem nú er að líða. Innflutningurinn til landsins hlýtur t. d. að verða all miklu minni. Af því leiðir þværandi tolla- og skatttekjur ríkissjóðs.

Upplýst hefur verið að greiðsluafgangur ríkissjóðs á þessu ári muni nema nær 60 millj. kr. Af því fé hefur þegar verið ráðstafað 38 millj. kr. Skiptist sú upphæð þannig að 15 millj. kr. mun verða varið til byggingar- og ræktunarframkvæmda í sveitum, 3 millj. kr. til iðnaðarbanka, 7 millj. kr. til þess að greiða skuldir ríkissjóðs við bæjar- og sveitarfélög -vegna skóla bygginga og hafnarframkvæmda, 12. millj. kr. til íbúðabygginga í kaupstöðum og kaupþúnum og 1 millj. kr. til veðeildar Búnaðarbanka Íslands. — Mun ríkisstjórnin flytja sérstakt frumvarp um ráðstöfun greiðsluafgangsins.

Þegar þessi stórfellda hækkun fjárlaga er athuguð sætir það ekki lítilli furðu, að flokkur fjármálaráðherra skuli furða sig mjög á því að útgjöld Reykjavíkurbæjar og annara bæjar- og sveitarfélaga skuli þurfa að hækka. Á sama tíma, sem Eysteinn Jónsson lætur blað sitt hella sér yfir útgjaldahækkunir bæjarins vegna vaxandi dýrtíðar og kaupgjaldshækkana stendur hann sjálfur upp á Alþingi og heimtar 30% hækkun fjárlaga. Þetta gerist þrátt fyrir það að yfirstandandi ár hefur verið velti ár hjá ríkissjóði. Af þessari framkomu Framsóknarflokksins má greinilega sjá, hversu samkvæmur þessi flokkur er sjálfum sér. Það er raunar öllum ljóst að 23.5% útgjaldahækkun bæjar- sjóðs Reykjavíkur sýnir að þar gæti miklu raunhæfari viðleitni til þess að spara og draga saman í rekstri opinberra stofnana en hjá ríkinu.

Hjá Reykjavíkurbæ hefur í fjögur s.l. ár starfað sérstök sparnaðarnefnd, sem gert hefur tillögur um sparnað og aukna hagkvæmni í bæjarrekstrinum. Með frumvarpi til fjárhagsáætlunar fyrir bæinn fylgir nákvæm greinargerð fyrir öllum útgjaldaliðum hennar og viðtækar tillögur og ábendingar um breytingar, sem til úrbóta mega horfa. Væri ekki rétt að ríkisstjórnin tæki sig nú til, þegar hún hefur fengið fjárlögin fyrir árið 1952 í hendur, og setti einhverja af starfsmönnum ráðuneyta sinnar til þess að framkvæma hljóðstæða athugun á rekstri ríkisstofnana? Slík at-

hugun væri fyllilega tímabær.

Allar líkur benda til þess að setning fjárlaga á næsta þingi verði ekki eins auðveld og hún reyndist að þessu sinni. Það væri áreiðanlega þarfara fyrir flokk fjármálaráðherra að hefjast handa um slíka viðleitni til raunhæfs sparnaðar í ríkisrekstrinum en að láta blað sitt halda uppi þrotlausum ádeilum á fjármálastjórn Reykjavíkurbæjar, sem í öllu er fremri en fjármálastjórn ríkisins.

Sjálfstæðismenn hljóta að fagna því að tekist hefur að afgreiða fjárlög greiðsluhallalaus. Greiðsluhallalaus ríkisbúskapur er grundvöllur fjármálastefnu þeirra. Þeim er hinsvegar fullljóst að álögurnar á þjóðina eru orðnar það þungar að mikil hætta er á að gjaldþol hennar bresti. Þess vegna hafa þeir á þessu þingi flutt frumvarp um endurskoðun skattalaganna og rannsókn á því, hvernig bætt verði úr tekjubörf bæjar- og sveitarfélaga. Verður að vænta þess að sú tillaga verði framkvæmd undandrátarlaust og óháðkvæmilegar breytingar og ráðstafanir í þessum málum gerðar á næsta þingi.

Iðnaðarbanki

ALLMIKLAR deilir hafa staðið um það s.l. tvö ár, hvort leyfa ætti íslenskum iðnaði að eignast sína eigin lánastofnun. Á Alþingi í fyrra var flutt frumvarp um stofnun iðnaðarbanka. Var það samþykkt í annari deild þingsins en dagaði uppi í hinni.

Þetta frumvarp var svo flutt aftur á þessu þingi og nú fyrir nokkrum dögum var það afgreitt sem lög.

Sjálfstæðismenn hafa haft alla forystu í baráttunni fyrir þessu umbótamáli iðnaðarins. Framsóknarmenn hafa hinsvegar freist að allra ráða til þess að eyðileggja það. Fyrir frumkvæði ráðherra Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn hefur þessum nýja banka verið tryggt þriggja millj. kr. stofnfé úr ríkissjóði. Þá munu samtök iðnaðarins í landinu leggja fram töluvert fé til hans.

Iðnaðurinn er orðin svo þýðingarmikil atvinnugrein hér á landi að rík ástæða er til að reyna eftir fremsta megni að hlúa að honum. Því fer að sjálfsögðu fjarri, að öll vandamál hans séu leyst með stofnun sérstaks iðnaðarbanka. Aðalatriðið er að þjóðin eigi fé til þess að byggja þennan atvinnuveg upp og skapa sér með því aukni atvinnuöryggi. En sjálfstæð lánastofnun fyrir iðnaðinn er mjög líkleg leið til þess að greiða götu hans.

Ýmsir hafa varpað þeirri spurningu fram, hvernig á því stæði að Framsóknarflokkurinn snérist svo öndverður gegn stofnun iðnaðarbanka. Hafa margir getið þess til að orsökinn væri einfaldlega sú, að Framsóknarmenn gerðu sér litlar vonir um að geta ráðið þar lög um og lofum. Ekkert skal fullýrt um þetta hér. En ekki er þessi tilgáta þó ólíkleg.

Til þess er að lokum ástæða að óska iðnaðinum til hamingju með hina nýju lánastofnun sína. Það er ósk allra þjóðhollra manna að hún megi verða þessari ungu atvinnugrein til eflingar og þroska og þjóðinni í heild til farsældar.

— Þjóðleikhúsið

Framh. af bls. 1

Sagði hann að í Þjóðleikhúsinu hafi starfað 8 konur við fataafgreiðslu. Var vinnunni skipt í vaktir og voru 3 á vakt og fengu hver um kr. 30,00 í grunnaun fyrir kvöldið, en þær sem heima voru, vitanlega ekki neitt. Í „sparnaði“ sínum hafi þjóðleikhússtjóri byrjað á því að fækka konunum niður í 2 á vakt og gerði með því eina konuna atvinnulausa það kvöldið. Ennfremur hafi hann tilkynnt konum þessum að frá nýári myndi hann lækka kaup þeirra niður í 25 kr. á kvöldi.

Benti Jóhann P. Jósefsson á að þetta kæmi ómaklega niður því að hér væri um konur að ræða, sem sízt mega við því að missa af tekjum sínum, því að ekki hafi þær verið svo miklar fyrir.

Beindi þingmaður því til ríkisstjórnarinnar að hún skærist í leikinn og rétti við hlut þessara kvenna, með því að vitað væri að fjöldinn allur af hálaunafólki ynni við leikhúsið og bólaði að sögn ekki á neinum sparnaði nema að því er snertir fatageymslukunurnar.

Kvaðst hann, sem þingmaður, vilja mótmæla því að við þessa kostnaðarsömu ríkisstofnun væri hafinn sparnaður af forstjóranum sem einungis lægi í því að reyta nokkrar krónur af fáeinum konum. Þetta dragi vitaskuld stofnuna ekki nokkurn hlut en væri til skammar fyrir ríkisstjórnina, sem bæri ábyrgð á rekstri leikhússins.

Gullbrúðkaup í dag



HEIÐURSHJÓNIN Einar Jónsson fyrrv. stýrimaður og Ólöf Jónsdóttir eiga gullbrúðkaup í dag. Þau giftust 21. desember 1901 og hafa alltaf búið í Hólminum. — Einar er ættaður úr Njarðvíkum og fæddur í Stapakoti 6. apríl 1874, en Ólöf er fædd í Stykkishólmi 7. júní 1878. — Þau hafa eignast 11 börn, en 7 þeirra eru á lífi, allt mesta gæðakona og myndarfólk. Einar er einstakur öðlingsmaður, sem á allra manna hylli af því að hann er svo góður sjálfur. Ólöf er mesta gæðakona, eins og hún á kyn til, en hún er komin af breiðfirzku kjarnafólki. — Við óskum innilega til hamingju.

O. C.

Söguljóð eftir 23 kunn skáld

„MÉR ERU fornu minnin kær“, heitir ný bók, sem út kom í gær. — Í henni birtist safn fegurstu sögulegra ljóða, sem ort hafa verið á íslensku á 19. og 20. öldinni og eru ljóðin eftir 23 kunnustu ljóðskáld þjóðarinnar.

Höfundarnir eru: Sigurður Breiðfjörð, Jónas Hallgrímsson, Grímur Thomsen, Benedikt Gröndal, Matthías Jochumsson, Stephan G. Stephansson, Þorsteinn Erlingsson, Einar H. Kvaran, Jón Þorkelsson, Hannes Hafstein, Guðmundur Björnsson, Einar Benediktsson, Guðmundur Friðjónsson, Örn Arnarson, Jakob Thorarensen, Stefán frá Hvítadal, Guðmundur Kamban, Jakob Smári, Davíð Stefánsson, Jón Magnússon, Jóhannes úr Kötlum, Jón Helgason prófessor og Tómas Guðmundsson.

Alls eru í bókinni tæplega 50 söguljóð eftir þessi skáld.

Bókin er myndskreytt af nokkrum kunnum myndlistarmönnum og í henni 17 heilsíðumyndir. — Listamennirnir eru: Jón Engilberts, Gunnlaugur Scheving, Sigurður Sigurðsson og Ásgerður Esther Búadóttir.

Útgefandi er Menningar- og fræðslusamband alþýðu. Er þetta þriðja og síðasta félagsbók þess á árinu, hinar tvær voru „Fólkið í landinu“ og „Óveðursnóttin“.

Frambjóðandi fangelsaður.

EINN af frambjóðendum Rótækla flokksins við forsetakosningarnar í Argentínu, Ricardo Balbin hefur nú verið fangelsaður. Er honum gefið það að sök, að hann hafi sýnt Peron forseta virðingarleysi.

Velvakandi skrifar:

ÚR DAGLEGA LÍFINU

Húsmóðir kennir sparnað.

ÞETTA bréf hefir mér borizt frá húsmóður: „Mér flýgur oft í hug, þegar talað er um dýrtíðina, hve mikil listin er að spara.“



Ég skal segja þér stutta sögu. Fyrir nokkru keypti ég mér hraðsuðupott í Málmíðjunni. Hann var á annað hundrað krónur ódýrari en sams konar pottar erlendir. Stafar það líklega að einhverju leyti af því, að pottarnir eru seldir beint til kaupenda milliliðalaust, því að stærð, efni og notagildi er sams konar og þeirra erlendu.

Kjötíð þarf 5 mínútna suðu.

HRAÐSUÐUPOTTARNIR eru dálitlu dýrari en venjulegir pottar, en það vinnst fljótt upp. Ég spara nefnilega meira en helming þess rafmagns, sem ég eyði venjulega til suðu. Það er hreint ekki svo lítið og fljótt að komi í andvirðið.

Fólki þykir þetta kannski ótrúlegt, en sannleikurinn er sá, að ég sýð barið kjöt til að mynda ekki nema í 5 mínútur og annað eftir því. Þetta dregur sig saman.

Stundum hefi ég heyrt því fleygt, að það væri svo mikill vandi að fara með hraðsuðupottana. En það er misskilningur, sprottinn af því, að menn hafa ekki kynnt þeim. Þeir komast nú samt inn á fleiri heimili með tímanum.

Hvers vegna eru nýju vagnarnir ekki notaðir?

VELVAKANDI minn. Ég man ekki betur en hingað til lands

Rúmlega 300 Íslendingar í vinnu á Keflavíkurflugvelli

UM þessar mudir eru 330 Íslendingar starfandi við Keflavíkurflugvöll og nam greiðsla vinnulauna til þeirra í nóvember rúmlega 944 þúsund krónum.

Í fréttatilkynningu um þetta frá blaðafulltrúa varnarliðsins í Keflavík, segir að flestir Íslendinganna vinni á vegum Sameiginlegra verkataka, sem tekið hafa að sér að byggja hermannaskála og vöruskemmur fyrir liðið.

Sakamenn flýja

BERLÍNARBORG, 20. des. — Rússnesku yfirvöldin í Austur-Þýskalandi segja, að 3 bandarískir hermenn hafi leitað hæliss þar. — Formaðandi bandaríska hersins segir, að þetta séu þeir 3 hermenn, er sluppu frá lögreglu í öndverðum desember, en þeir höfðu brotið eitthvað af sér. Þess hefur verið krafist, að mennirnir verði framseldir.

— Reuter-NTB.

væru keyptir einir 2 sjúkrabílar fyrir löngu, síðla sumars var það víst. Nú hefi ég allt af verið að búast við þessum glæsilegu vögnum á götum borgarinnar, þar sem líka þeir gömlu eru nú ekki orðnir upp á marga fiska.

En mér hefir ekki enn orðið að ósk minni. Hvernig stendur á þessu? Eftir hverju er verið að bíða?

Vegfarandi.“

Aðilaskipti að rekstri vagnanna.

SAMKVÆMT upplýsingum frá slökkviliðsstjóra hafa nú orðið aðilaskipti að rekstri sjúkrabíla, hefir Rauða krossdeild Reykjavíkurbæjar tekið við þeim af Rauða krossi Íslands.

Rauða krossdeildin hefir nú lagt inn til bæjarráðs tilboð vegna rekstrar nýju vagnanna, en svar hefir enn ekki borizt, svo að segja má, að standi í samningum um það efni milli Rauða kross deildarinnar og bæjarráðs.

Hefir ekki þótt gerlegt að taka nýju vagnana í notkun fyrr en samningar liggja fyrir um rekstur þeirra.

Vonandi er lausn málsins skammt undan, svo að gömlu hrófin verði leyst af hólmi.

Nokkrar línur frá reykkingamanni.

VELVAKANDI minn. Ég er nú ekki meiri reykkingamaður en svo, að ég hefi venjulega látið mér nægja De Rezke, sem eru bæði léttir vindlingar og mildir. En nú hefir Einkasalan rekið mér illan þveit, því að hún kvað hafa stöðvað innflutning þeirra, svo að De Rezke fæst nú ekki framár. Í staðinn kom Abdullah, að sögn.

Þeir, sem reykja, vita, hve erfitt er að sætta sig við aðrar tegundir, en menn hafa vanizt. Er skemmt að minnst hungursins í bandarísku vindlingana, sem ófánlegir voru um tíma.

Því spyr ég: Hvers vegna í fjandanum var verið að gera okkur þennan grikk?

Reykkingamaður.“